

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 214/2014

2015/EES/52/06

frá 24. október 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 <sup>(1)</sup>, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 247, 13.9.2012, bls. 17.
- 2) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 falla úr gildi, frá og með 13. desember 2014, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE <sup>(2)</sup>, tilskipun ráðsins 90/496/EBE <sup>(3)</sup>, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB <sup>(4)</sup>, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB <sup>(5)</sup>, tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB <sup>(6)</sup> og 2008/5/EB <sup>(7)</sup> og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 <sup>(8)</sup>, en þær gerðir hafa verið felldar inn í EES-samninginn og ber því að fella þær úr EES-samningnum frá og með 13. desember 2014.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzt (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006) og lið 54zzzu (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006):  
„– **32011 R 1169**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 (Stjtið. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 247, 13.9.2012, bls. 17.“
2. Eftirfarandi bætist við á eftir 85. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 40/2014):  
„86. **32011 R 1169**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 113, 30.4.1987, bls. 57.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 276, 6.10.1990, bls. 40.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 69, 16.3.1999, bls. 22.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 191, 19.7.2002, bls. 20.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 27, 31.1.2008, bls. 12.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 97, 1.4.2004, bls. 44.

1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtið. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 247, 13.9.2012, bls. 17.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

„Eftirfarandi bætist við í 7. lið í hluta A í VI. viðauka:

„Á íslensku: „Samsett úr stykkjum af kjöti“ og „samsett úr stykkjum af fiski“;“

„Á norsku: „sammensatte stykker af kjøtt“ og „sammensatte stykker av fisk“;““

3. Texti 18. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB), 41. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE), 53. liðar (tilskipun ráðsins 90/496/EBE), liðar 54zd (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB), liðar 54zza (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB), liðar 54zzo (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004) og liðar 54zzzw (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/5/EB) falli brott frá og með 13. desember 2014.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 247, 13.9.2012, bls. 17, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. október 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.